

Reglur um val á landsliði Íslands í pílukasti – gildir frá 1. júlí 2019

Landsliðsþjálfari ásamt ÍPS velja 16-24 leikmenn í úrtakshóp karla og 8-12 leikmenn í úrtakshóp kvenna fyrir hvert landsliðsverkefni.

Leikmenn sem spilað hafa í að lágmarki 3 stigamótum á síðustu 12 mánuðum fyrir hvert landsliðsverkefni og eru greiddir meðlimir í einu af þeim pílufélögum sem heyra undir ÍPS geta verið valdir í úrtaks- og/eða lokahóp. Sérstök undanþága er veitt Íslendingum sem búa erlendis en þeir þurfa ekki að spila í stigamótum en þeir þurfa þó að geta sýnt fram á að hafa tekið þátt í sambærilegum mótum í sínu landi.

Þjálfari ásamt ÍPS fylgist með árangri leikmanna úr mótum sambandsins og hefur stígalista ÍPS til stuðnings þegar hann velur bæði úrtaks- og endanlegan hóp.

Úrtakshópar verða valdir með minnst 6 mánaða fyrirvara og lokahópar með minnst 3 mánaða fyrirvara. Tilkynnt verður um val á úrtaks- og lokahóp á www.dart.is

Leikmenn sem valdir eru í úrtakshóp og lokahóp samþykkja að fara eftir reglum ÍPS varðandi landslið Íslands í pílukasti. Reglur þessar má nálgast á www.dart.is